

Höfundar og ritstjórar

Andrea Milde (f. 1970) er kennari og fræðimaður. Hún lauk doktorsprófi í þýsku frá háskólanum í Sheffield 2006.

Ásdís R. Magnúsdóttir (f. 1964) er prófessor í frönsku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í frönskum bókmenntum frá Stendhal-háskólanum – Grenoble 3 1997.

Ásta Ingibjartsdóttir (f. 1964) er aðjunkt í frönskum fræðum við Háskóla Íslands. Hún lauk meistaraþrófi í málvísindum með áherslu á kennslu í frönsku sem erlends máls frá Université Paul-Valéry III Montpellier 2002.

Birna Arnbjörnsdóttir (f. 1952) er prófessor í annarsmálsfræðum við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í almennum málvísindum frá Texasháskóla í Austin 1977.

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) er dósent í spænsku við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í spænskum fræðum (spænskt mál) frá Háskólanum í Barselóna 2003.

François Heenen (f. 1957) er aðjunkt í frönskum fræðum við Háskóla Íslands. Hann lauk doktorsprófi í málvísindum með áherslu á indó-evrópska samanburðarmálfræði frá Vínarháskóla í Vínarborg 2002.

Guðrún Björk Guðsteinsdóttir (f. 1954) er prófessor í enskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi frá Alberta-háskóla, Kanada, í enskum bókmenntum 1993 með breskar, bandarískar og kanadískar bókmenntir sem sérsvið.

Hafdís Ingvarsdóttir (f. 1944) er prófessor í menntunarfræði við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í menntunarfræði frá University of Reading, Institute of Education 2003.

Irma Erlingsdóttir (f. 1968) er lektor í frönskum fræðum við Háskóla Íslands. Hún lauk DEA-gráðu í samtímabókmenntum frá París VIII háskóla í Saint-Denis 1995 með áherslu á heimspeki kynjasmunar.

Kaoru Umezawa (f. 1965) er lektor í japönsku við Háskóla Íslands og doktor í hljóðfræði frá UCL (University College London) 2001.

Kristín Guðrún Jónsdóttir (f. 1958) er aðjunkt í spænsku við Háskóla Íslands og doktor í rómönsk-amerískum fræðum frá Arizona State University 2004.

Pétur Knútsson (f. 1942) er dósent í ensku máli við Háskóla Íslands. Pétur lauk doktorsprófi frá Kaupmannahafnarháskóla 2004.

Randi Benedikte Brodersen (f. 1955) er lektor í dönsku við Háskóla Íslands og Háskólann í Bergen. Hún lauk cand.mag.-prófi í dönsku frá Háskólanum í Amsterdam 1988.

Rebekka Þráinsdóttir (f. 1968) er aðjunkt í rússnesku við Háskóla Íslands. Hún lauk meistaraprófi í rússnesku og rússneskum bókmenntum frá Ríkisháskólanum í St. Pétursborg 2003.

Stefano Rosatti (f. 1964) er aðjunkt í ítölsku við Háskóla Íslands. Hann lauk meistaraprófi í kennslu ítölsku sem erlends tungumáls frá Háskólanum í Feneyjum 2005.

Þórhildur Oddsdóttir (f. 1953) er aðjunkt í dönsku við Háskóla Íslands. Hún lauk meistaraprófi í dönsku frá Háskóla Íslands 2004.